


Sveitarfélagið Skagafjörður

Að byggja brú milli leik- og grunnskóla



Höfundur myndverks: Arnar Steinhólmsson



Brjóta niður múra

Herdís Á. Sæmundardóttir hjá fræðsluþjónustu Sveitarfélagsins Skagafjarðar minnst þess að hafa farið á tengslaráðstefnu árið 2011 þar sem strax á fyrsta klukkutímanum hafi komið í ljós sameiginlegt áhugamál hennar og fulltrúa sveitarfélagsins Óðinsvéa í Danmörku. Eftir það leið ekki á löngu þar til verkefnið „Að byggja brú milli leik- og grunnskóla“ leit dagsins ljós.

„Við nýttum í rauninni alla tengslaráðstefnuna í að móta verkefnið sem snerist um að brúa bilið milli leik- og grunnskóla betur ásamt því að búa til skóladag sem er samhangandi og þar sem öll börn óháð þroska eða sérþörfum geta verið með,“ segir Herdís.

Auk fræðsluþjónustunnar tóku tveir leikskólar og tveir grunnskólar í Skagafirði þátt í verkefninu ásamt ráðgjafa frá menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Hún segir markmiðið hafa verið að vinna útfrá sjónarhóli barnsins og átta sig á upplifunum þess við skipti milli leik- og grunnskóla. Þó svo að lög geri ráð fyrir ákveðinni samfellu milli skólastiga sé vitað að kennsluaðferðir leikskólans annars vegar og grunnskólans hins vegar séu ólíkar. Börn í leikskóla læra meira í gegnum leikinn en grunnskólinn noti hefðbundnari kennsluaðferðir. Mikilvægt sé að brúa bilið svo stökkið sé ekki jafn mikið.

„Við vitum að sum börn eiga erfitt með að aðlagast starfsháttum grunnskólans og eru kannski ekki alveg tilbúin til þess. Við skoðuðum hvernig við gætum undirbúið börnin betur, hjálpað þeim að takast á við þessar breytingar og stutt foreldra í því að hjálpa við aðlögun barnanna svo líðan þeirra verði sem best og þau fái sem mest út úr lærdómsumhverfinu,“ segir Herdís.

Herdís talar um verkefnið af gríðarlegri ástríðu og aðspurð tekur hún undir það að verkefnið sé henni mikið hjartans mál.

„Við höfum lagt mikla áherslu á þessi mál hér í Skagafirði og reynt að koma þeirri sjálfsmynd inn hjá okkur öllum að við búum í einu skólasamfélagi þar sem við berum öll ábyrgð. Ábyrgðin er ekki takmörkuð við þá stofnun sem við vinnum hjá heldur erum við sem fagmanneskjur í skólasamfélagi Skagafjarðar ábyrg fyrir öllum börnum, hvort sem þau eru í leik- eða grunnskóla. Við brjótum niður múra og minnum á að framfarirnar eru í gegnum samvinnu og samtalið.“

Verkefnið hefur nú þegar ratað í kennslubók fyrir leik- og grunnskólakennara í Danmörku sem heitir *Kvalitet i dagtilbud – grundbog i dagtilbuds pædagogik* en einnig má lesa um verkefnið á vefsíðunni www.inlearnregio.com.



Við búum í einu skólasamfélagi þar sem við berum öll ábyrgð